

Rannsóknastöðin Rif ses.

Ársskýrsla 2014

Inngangur

Rannsóknastöðin Rif ses. var stofnuð af Byggðastofnun, sveitarfélaginu Norðurþingi og Náttúrustofu Norðausturlands þann 23. maí 2014. Fram að því hafði Náttúrustofan unnið að undirbúningi stofnunarinnar næst liðið ár eða svo, með stuðningi Byggðasstofnunar, Vaxtarsamnings Norðausturlands og styrktarsjóðs Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands.

Hlutverk og markmið

Rannsóknastöðin Rif starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá í samræmi við lög nr. 19/1988. Markmið stofnunarinnar er að efla og auka náttúrurannsóknir á Melrakkaslétu, safna saman og miðla upplýsingum um náttúrufar á Melrakkaslétu og styðja nærsamfélagið.

Stjórn

Eftirtaldir aðilar skipa stjórn Rannsóknastöðvarinnar Rifs ses. sem fulltrúar sjö stofnana.:

- Þorkell Lindberg Þórarinnsson forstöðumaður Náttúrustofu Norðausturlands – formaður stjórnar.
- Embla Eir Oddsdóttir, forstöðumaður Norðurslóðanets Íslands en hún er fulltrúi Háskólans á Akureyri og Stofnun Vilhjálms Stefánssonar – varaformaður stjórnar.
- Starri Heiðmarsson fagsviðsstjóri og fulltrúi Náttúrufræðistofnunar Íslands – ritari stjórnar.
- Hlynur Óskarsson dósent og fulltrúi Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskóla Íslands.
- Níels Árni Lund skrifstofustjóri og fulltrúi Norðurþings.

Starfsemi árið 2014

Árið 2014 fólst starfsemi Rannsóknastöðvarinnar einkum í stefnumótun og störfum stjórnar, auk þess sem vísindamönnum var boðið upp á gístiaðstöðu á Raufarhöfn.

Störf stjórnar

Stjórn Rannsóknastöðvarinnar fundaði tvisvar á árinu 2014. Sá fyrri og jafnframt fyrsti stjórnarfundur Rannsóknastöðvarinnar Rifs ses. var haldinn á Raufarhöfn miðvikudaginn 11. júní. Í upphafi fundar afhentu fulltrúar stofnaðila staðfesta skipulagsskrá rannsóknastöðvarinnar. Annar stjórnarfundur var haldinn á Akureyri þann 28. nóvember.

Almenn starfsemi

Vegna þess hversu langt var liðið á árið þegar Rannsóknastöðin var stofnuð var starfsemi ekki umfangsmikil á árinu 2014. Almennt var unnið eftir þeirri stefnu sem fram kemur í greinargerð um rannsóknastöðina. Þá greinargerð vann Náttúrustofa Norðausturlands í aðdraganda að stofnun rannsóknastöðvarinnar. Í greinargerðinni er sett fram stefnumótun um starfsemi rannsóknastöðvarinnar og rekstraráætlun til þriggja ára, auk upplýsinga um náttúrufar og yfirlits um rannsóknir á Melrakkaslétu.

Sótt var um aðild að alþjóðlegu samstarfsneti rannsóknastöðva á norðurslóðum, INTERACT og var sú umsókn samþykkt um hæl. Rannsóknastöðin Rif er því formlegur aðili að þessu samstarfi, sem svokölluð „observer station“. Á vegum samstarfsins var sótt um áframhaldandi styrk til Evrópusambandsins en sambandið hefur styrkt INTERACT undanfarin ár.

Gert var samkomulag við gistiheimilið Hreiðrið á Raufarhöfn um gístiaðstöðu í nafni stöðvarinnar. Sú aðstaða var nýtt vonum framar en alls voru 30 gístinætur í nafni stöðvarinnar sumarið 2014. Þeir vísindamenn sem

nýttu sér aðstöðuna voru á vegum Háskóla Íslands og Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar. Unnu þeir að fjölbreyttum rannsóknum á svæðinu.

Samið var við ríkið um leigu á jörðinni Rifi á Melrakkaslétu, nyrstu jörð á Íslandi. Með samningnum fær Rannsóknastöðin Rif ses umráðarétt með jörðinni og óheft afnot til rannsókna. Í því felast mikil tækifæri fyrir starfsemi stöðvarinnar til framtíðar.

Rekstur árið 2014

Heildartekjur Rannsóknastöðvarinnar Rifs ses. voru 1.500.000 kr. og var um að ræða styrk sem Alþingi veitti til starfseminnar í gegnum Byggðastofnun. Rekstrarkostnaður nam 410.622 kr. og var hagnaður ársins 1.093.346 kr. Nánar er gerð grein fyrir fjárhag og rekstri Rannsóknastöðvarinnar í ársreikningi fyrir árið 2014.